

Skilgreining orða innán vatnamalinga.

Áður en lengra er haldið með undirbúning að prentun skýrslna vatnamalinga, er nauðsynlegt að taka til athugunar merkingu nokkurra orða og ákveða skammstafanir. Ég set hér fram nokkrar tillögur sem umræðugrundvöll.

Einingar:

1. Tel réttara að nota orðið metri, en forðast orðið meter.
2. Skammstöfunin fyrir metra er m, en aldrei M. Hafa verður gát á þessu, einkum á teikningum, þar sem allt annað lesmál er skrifað með upphafsstöfum.
3. Er ekki rétt að skammstafa sentimetrann með cm? Það er í fyrsta lagi þægilegt, þegar útbúin er tafla, sem stluð er til aflestrar fyrir bæði íslenska og erlenda menn. Þá má benda á, að sjómíla er skammstöfuð með sm. Sem dæmi má nefna, að Veðurstofan segir í Veðráttunni eitthvað á þessa leið: "Stór bergarisjaki le sm norður af Horni".
4. Rétt er að nota skammstöfunina s fyrir sekúndur, þegar þær hafa dimensionina  $T^{-1}$  t.d.  $m^3/s$  og  $l/s$ .
5. Nokkuð hefur verið á reiki, hvernig skammstafað hefur verið rennsli í lítrum á sekúndu af hverjum ferkílómetra. Oft hefur verið notuð skammstöfunin  $l/s$  per  $km^2$ , sem er algjörlega ótæk. Í Svíþjóð er notað  $l/s \cdot km^2$ . Á Þýzku (die Wasserwirtschaft) er sama skammstöfun notuð þannig:  $l/s \cdot km^2$ . Ég tel réttast að fylgja þýzku skammstöfuninni.

6. Rétt er að skrifa milljón með tveimur 11, samkvæmt íslenskri málfræði, en hagkvæmara væri að skrifa það með einu 1 og skammstafa þá milj.

Vatnshæðarmælingar:

1. Vatnshæðarmælir = vanmerke n., pegel s. og þ., Watergauge e.
2. Síritari = linnigraf n., water level recorders e., sjálfregisterende pegel s. Sjálf- er fell burtu nú á síðustu árum, og mundi ekki hin sama þróun eiga sér stað hér, ef notað væri orðið sjálfritari.
3. Hæðarmælarnir sjálfir nefnast kvarðar.

Vatnsrennslismælingar:

1. Segja skal að rennsli árinna sé svo og svo margir  $m^3/s$ , en ekki nota orðið vatnsmagn í þessu sambandi.
2. Rennsli er á norsku vassföring en á sænsku vattenföring, á ensku discharge. Rennsli er gefið upp í <sup>(Sainvarðingur)</sup> tímæiningum.
3. Vatnsmagn er aðeins magn af vatni, og er því ekki í tengslum við dimensionina T. Sem dæmi um rétta notkun þessara orða mætti nefna: að vatnsmagn í einni borholu væri 2000 l og rennsli t.d. 1 l/s.

Skammstafanir:

1. Mesta rennsli hefur oft verið kallað  $Q_{max}$ , sem er mjög óþægilegt í prentun.

Í norðurlöndunum, t.d. Finnlandi, er notað HQ og fyrir meðalrennsli MQ o.s.frv. samkvæmt meðfylgjandi töflu.

2. q er rétt að nota eingöngu fyrir rennsli <sup>af flatalæiningun (km<sup>2</sup>)</sup> af W og tilsvandi nota W fyrir vatnsstöðu, t.d. HW mundi þýða hæsta vatnsstaða ársins, en HHW er hæsta þekkt vatnsstaða.

Skýrslur og línurit:

1. Safntal er milljónir teningsmetra á sólarhring ( $10^6 \text{ m}^3 / 24 \text{ klst}$ )?
2. Safnlína = summationskurve n., mass diagram e., summenganglinien s.
3. Jöfnunarlína = reguleringskurve n., regulations curves e.
4. Langtíslína = varighetskurve n., flow duration curve e., wassermengendauerlinie p.

Hér eru aðeins nokkur dæmi nefnd, en af nógu er að taka, t.d. eru notuð mörg orð yfir það sama, svo sem eins og vatnasvið, úrkomusvæði, vatnsvið, regnflötur og afrennslissvæði. Orðið vatnasvið er heppilegast í notkun.

Heiti raforkumálastjórnarinnar á  
nokkrum tungumálum

Fólk með  
Stofnlegum  
lit Orða safni

Danska: Islands Elektricitetsvæsen  
Norska: Islands Elektrisitetsvesen  
Sænska: Islands Elektricitetsstyrelse  
Enska: The State Electricity Authority  
Þýzka: Die staatliche Elektrizitätsverwaltung Islands  
Franska: Administration National de l'Électricité

Jacob Gíslason